



Mai 2020

isländisch

Gef mér að drekka!

(Jh 4,7)

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu

Porið að biðja! Dare to ask!

Kæru vinir orðsins!

hún var ein á ferð – fótgangandi og hafði aðeins það allra nauðsynlegasta meðferðis. Við og við þurfti hún að fá sér vatn. Þegar hún hitti einhvern á leiðinni bað hún um vatn. Fólk fór oft feimið undan í flæmingi og óvissu. En um leið og fólkið heyrði spurningu hennar, „Geturðu vinsamlegast gefið mér smávegis vatn?“ jókst sjálfstraustið. Sumir fóru að tala við hana – og stofnuðu til stuttra en dýrmætra kynna.

Jóhannes segir frá svipuðum kynnum í guðspjalli sínu. Í miðdegishitanum kom samversk kona að brunninum til að sækja vatn. Hún kom ein, sem var afar óvenjulegt. Hún virtist vera útskúfuð og vinalaus. Hún virtist ekki hafa fundið sér raunverulegan samastað í lífinu ennþá. Jesús sér það og skilur strax: Þarna er eitthvað að. Hann fór því eins og maður af gyðinglegum uppruna – andstætt venjum samtímans – til samversku konunnar og sagði við hana: „Gef mér að drekka!“ Þar hefjast djúp samskipti. Konan upplifir raunverulega og heiðarlega nálægð – kannski í fyrsta skipti í lífi sínu. Henni finnst hún njóta skilnings og viðurkenningar. Þetta fyllir hjarta hennar svo mikilli gleði að hún gleymir meira að segja fullri vatnskönnu sinni á leiðinni aftur til þorpsins.

Þeir sem biðja af skilningi bjóðast til að gefa (sjálfa sig). Óvænt andartök samveru eru gefin, stundir friðar. **Porið að biðja! Dare to ask!**

fyrir OnWordTeam

Meinolf Wacker